



**SÝSLUMAÐURINN
Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI**

Símar 421 1795, 425 4463 - Fax: 421 5166
Kennitala 45.02.69-6629
235 Keflavíkurflugvöllur

Alþingi

Erindi nr. P 121 / 698

komudagur 10 / 1 1997

Keflavíkurflugvelli, 9. janúar 1997.

SL/ea

Hér með sendist svar við bréfi yðar dags. 11. desember 1996 varðandi frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum og fl.

Varðandi 2. gr. frumvarpsins.

Það er mat embættisins að ekki sé varhugavert að veita dómara heimild til þess að áætla fjárhæð ávinnings, þó ekki sé unnt að færa fullar sönnur á hann, í því skyni að gera ávinninginn upptækan.

Embættið er samþykkt því að nauðsynlegt sé að hafa skýra lagaheimild til þess að gera upptæka hluti, sem eru keyptir fyrir ávinning.

Varðandi 1. gr. og 4. gr.

Embættið er sammála því, að sá sem nýtur ávinnings með þeirri háttsemi, sem lýst er í þessum greinum frumvarpsins, hafi þar með gerst sekur um sjálfstætt refsivert brot.

Þá er refsirammí greinarinnar mjög eðlilegur að mati embættisins.

Í stuttu máli þá mælir embættið með frumvarpi þessu að öllu leyti.



e. u.

Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri / Templarasund,
150 Reykjavík.